

nánari útskýringar.

*Með kveðju,
starfsfólk handlækningadeildar
og skurðeildar HVE Akranesi*

GALLBLÖÐRUTAKA ÁN HOLSKURÐAR



*Unnið af skurðjúkrunarfræðingum 1993 í
samvinnu við starfsfólk
handlækningadeildar SHA.
Endurskoðað í okt. 2012/FHB/PH*

SHA/rmbæk49

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Gallblöðrutaka án holskurðar

Í þessum bæklingi eru upplýsingar sem við vonumst til að komi þér að gagni og geri þér dvölinna auðveldari. Skrifðu hjá þér þær spurningar sem upp koma við lestur bæklingins, svo þær gleymist ekki.

Framkvæmd aðgerðar

Aðgerðin er framkvæmd með kviðarholtspeglunartækjum. Gerð eru fjögur göt þar sem speglunartækin eru sett inn. Lofti er dælt inn í kviðarholið til að fá öruggt rúm til skoðunar innri líffæra og framkvæmd aðgerðar. Í lok aðgerðar er lofti hleypt út aftur og götin saumuð saman. Í sumum tilvikum er ekki hægt að taka gallblöðruna á þennan hátt, þá þarf að gera holskurð.

Hvað þarf að hafa meðferðis ?

Lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þú þarft að vera fastandi á mat í 6 klst. fyrri aðgerð en mátt drekka tæra vökva allt að 4 klst. fyrir aðgerðina. Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.

Þú mætir á Dagdeild eða Handlækningadeild eftir samkomulagi.

Hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér, fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling með þér og sýnir þér deildina.

Þú verður undirbúin(-n) fyrir aðgerð, þ.e. nafli hreinsaður. Teknar blóðprufur ef það er ekki búíð.

Svæfingalæknir talar við þig, útskýrir helstu atriði varðandi svæfinguna og ákveður lyfjaforgjöf.

Þú þarft að fjarlægja gleraugu, linsur, alla skartgrip, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerð. Lausar tennur má hafa með sér á skurðstofu. Þú þarft að tæma þvagblöðru fyrir aðgerð.

Aðgerðin tekur í allt u.þ.b. 1/2 - 1 1/2 klst.

Eftir aðgerð

Þú vaknar fljótlega á vöknunarherbergi. Fylgst

verður með blóðþrýstingi og hjartslætti í 2-3 tíma. Þú verður með næringarvökva í æð, þangað til þú færð að drekka og borða fljótlega.

Verkir: Þú færð litla verki í skurðsárin en getur fengið óþægindi innan um þig og upp í axlir, "harðsperrur", vegna lofts sem verður eftir í kviðarholi eftir aðgerð. Þetta jafnar sig á 1-2 dögum.

Athugaðu að fara **ekki** fram úr rúmi í fyrsta sinn nema með aðstoð.

Ekki reykja fyrr en þú hefur borðað og áhrif svæfingalyfja eru horfin.

Fæði: Þú verður fastandi fram eftir degi en gætir fundið fyrir ógleði. Þú mátt borða almennt fæði. Sumir eru viðkvæmir fyrir feitum mat fyrstu 2 vikurnar eftir aðgerð.

Vinna: Þú getur byrjað að vinna eftir u.þ.b. 1-2 vikur nema lækniinn ráðleggi þér annað.

Kynlíf: Þú mátt hafa samfarir þegar þú treystir þér til eftir aðgerðina, nema lækniinn ráðleggi þér annað.

Saumataka: Skurðir eru saumaðir með saum sem eyðist og þarf því ekki að taka sauma.

Heimferð

Venjulega er heimferð samdægurs eða daginn eftir.

Þú mátt ekki keyra ökutæki fyrr en daginn eftir aðgerð vegna áhrifa svæfingar-/ deyfingarlyfja. Æskilegt er að einhver fullorðinn sé hjá þér kvöldið/nóttina eftir aðgerð.

Hvað ber að varast ?

Sýkinga- og blæðingahætta við þessa aðgerð er óveruleg. Þú skalt þó ekki fara í sund eða baðkar og forðast mikla áreynslu meðan sárin eru að gróa, í um tvær vikur. Þú mátt fara í sturtu.

Hafðu samband við deildina, sími 432 1110 eða lækniinn þinn ef þú ert í vafa um eitthvað eða einhver vandamál koma upp.

Athugaðu !

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik. Hikaðu ekki við að biðja okkur um